



Reykjavík, 18.12.2018
Tilv. 2018-0430 - 21.09.01 /HVA
ÞS/mþ


**Málefni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um endurmat á
hvalveiðistefnu Íslands, 47. mál**

Hafrannsóknastofnun hefur um áratugaskeið gert tillögur um hámarksnýtingu hvala eins og um aðrar auðlindir sjávar. Frá því að hvalveiðar í atvinnuskyni hófust að nýju árið 2007 hefur stofnunin einungis veitt ráðgjöf varðandi tvær tegundir hvala, hrefnu og langreyði, enda hefur ekki verið óskað eftir ráðgjöf um aðra stofna. Tillögur Hafrannsóknastofnunar byggja á ítarlegum alþjóðlegum úttektum vísindanefnda IWC og NAMMCO sem hafa haft sjálfbærni og varúðarnálgun að leiðarljósi. Núverandi ráðgjöf stofnunarinnar tekur til árana 2018-2025, en samkvæmt henni skulu árlegar veiðar nema að hámarki 161 langreyði og 217 hrefnum.

Frá því að reglulegar hvalatalningar hófust hér við land árið 1987 hafa orðið miklar breytingar á fjölda og útbreiðslu hvala við Ísland. Langreyði hefur fjölgað mikið eða úr um 10-15 þúsund dýrum 1988 í yfir 30 þúsund dýr 2015 á stofnsvæði tegundarinnar kringum Ísland. Hrefnu hefur hins vegar fækkað mikið frá aldamótum á landgrunnssvæðinu við Ísland eða úr rúmlega 40 þúsund dýrum í 10-15 þúsund. Sú fækkun stafar líklega af breytingum á lífmassa tveggja mikilvægra fæðutegunda hrefnu á landgrunnssvæðinu að sumarlagi, sandsíli og loðnu og benda niðurstöður nýlegra norskra rannsókna við Jan Mayen til að útbreiðsla hrefnu í Mið Norður Atlantshafi hafi hliðrast til norðurs. Samhliða fækkun hrefnu á grunnsævi við Ísland hefur orðið mikil fjölgun hnúfubaks á sama svæði.

Hvalir skipa veigamikinn sess í vistkerfi hafsins kringum Ísland. Heildarafrán hvala hefur verið metið um 6 milljónir tonna af fæðu á ári sem nemur 4-6 földum heildarafla Íslendinga. Erfitt er að segja til um hugsanleg áhrif afráns hvala á viðgang fiskistofna enda um flókið samspil að ræða og gagnaskortur umtalsverður. Þó er ljóst að hvalir skipa óviða jafnstóran sess í vistkerfi sjávar og hér við land og því mikilvægt að afla frekari vitneskju á þessu sviði. Hafrannsóknastofnun vinnur að slíkum rannsóknum í samræmi við markmið um aukna áherslu á vistkerfisnálgun við nýtingu auðlinda hafsins. Í tengslum við yfirstandandi úttekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á þjóðhagslegu mikilvægi hvalveiða voru ofangreindir útreikningar á afráni hvala upp færðir á einfaldan hátt m.t.t. breytinga á fjölda hvala undanfarna tvo áratugi þar sem enn eru nokkur ár þar til ítarlegra mat á þessu afráni og vistfræðilegu hlutverki hvala í vistkerfinu liggur fyrir.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,


Þorsteinn Sigurðsson